

Tillaga til 424. fundar bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar 25. október 2018

Tillaga 1033. fundar bæjarráðs frá 8. október sl., um að samþykkja viðauka 10 við fjárhagsáætlun 2018.

7. Viðauki 10 við fjárhagsáætlun 2018 - 2018020099

Lagður fram viðauki 10 við fjárhagsáætlun 2018. Viðaukinn varðar aukna fjárveitingu vegna viðhalds á íbúðum Ísafjarðarbæjar á Hlíf 1. Lagt fram minnisblað frá Sædísí M. Jónatansdóttur, deildarstjóra félagsþjónustu, dagsett 5. október sl., en áður var lagt fram minnisblað frá Margrétí Geirsdóttur, dagsett 4. september sl., á 1029. fundi bæjarráðs þann 10. september síðastliðinn og var þá bæjarstjóra falið að kanna hvort beiðnin rúmist innan fjárheimilda ársins. Þessum kostnaði er mætt með tilfæringu milli velferðarsviðs og þjónustuíbúða, áhrif viðaukans á rekstrarniðurstöðu Ísafjarðarbæjar eru því 0 kr.

Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn að hún samþykki viðaukann.